



Forsvarsfólk Sköpunarmiðstöðvarinnar á Stöðvarfirði, Una B. Sigurðardóttir og Vincent F. Wood, óska eftir fjárstuðning fyrir hönd miðstöðvarinnar að upphæð 12.500.000 kr,-. Skal framlagið renna til fjármögnunar á launakostnaði miðstöðvarinnar yfir 12 mánaða tímabil ársins 2024. Forsvarsfólk Sköpunarmiðstöðvarinnar biðu þess að erindið verði lagt til fjárlaga ríkisins 2024.

Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði var stofnuð 2011 sem samvinnufélag og er til húsa í fyrrum frystihúsi staðarins. Byggingin er eign félagsins og hefur hún þarfnast mikils viðhalds og framkvæmda frá upphafi, þar sem hún var í mjög slæmu ásigkomulagi þegar tekið var við henni. Mikil vinna verið lögð í að koma upp faglegri aðstöðu og verkstæðum til grundvallar starfseminar, og má þar helst nefna hljóðverið Stúdíó Síló. Kynningarbæklingur fylgir þessu erindi og má þar sjá í myndum starfsemi og aðstöðu miðstöðvarinnar.

Stjórn miðstöðvarinnar hefur hafið ferli við að breyta rekstarformi miðstöðvarinnar og mun starfsemin, eignir, réttindi og skyldur samvinnufélagsins Sköpunarmiðstöðin svf. falla undir rekstur sjálfseignarstofnunar frá og með áramótum 2024. Í engu mun tilgangur og markmið með starfsemi miðstöðvarinnar breytast og er um að ræða tímabæra breytingu þar sem rekstarform sjálfseignarstofnunar fellur betur að eðli og virkni rekstrarins en samvinnufélagsformið.

Markmið og tilgangur með starfsemi Sköpunarmiðstöðvarinnar er sem fyrr að stuðla að byggðapróun á Stöðvarfirði og fjórðungnum í heild sinni og er lykilaðili slíkar þróunar á suðursvæði Fjarðabyggðar. Lögð er áhersla á að starfsemin auki lífsgæði íbúanna og hækki þjónustustig svæðisins með því að efla aðgengi íbúanna að menningu, listmenntun og vettvangi til atvinnu- og nýsköpunar. Starfsemin miðar að því að:

- Börn og ungmenni á Austurlandi hafi aðgang að fjölbreyttri listmenntun í heimabyggð.
- Íbúar Austurlands hafi aðgengi að fjölbreyttum og vönduðum tónlistar- og listviðburðum í heimabyggð.
- Vera alþjóðlegs lista- og tónlistarfólks á svæðinu sé tryggð, að fjölbjóðlegir menningarstaumar leiki um fjórðunginn og íbúum svæðisins gefist kostur á að mynda tengsl við lista- og tónlistarfólk hvaðan æva að.
- Íbúar Austurlands hafi aðgengi að faglegri þjónustu og aðstöðu fyrir hverskyns sköpun og iðkun á sviði lista og hönnunar í heimabyggð.
- Byggja upp vettvang með sérstaka áherslu á atvinnuþróun á sviði skapandi greina, þjónustu og smáíðnaði þeim tengdum, sem og atvinnusköpun sem hlýst af hverskyns nýtingu og úrvinnslu á hráefnum og auðlindum Austurlands.
- Að styrkja og þróa sjálfsmynd svæðisins sem menningar- og nýsköpunarsamfélag.

Af þessu má sjá að starfsemi Sköpunarmiðstöðvarinnar fellur vel að markmiðum og áherslum þingsályktunar

Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði

um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018–2024. Stöðvarfjörður er þátttakandi í verkefninu Brothættar byggðir og er Sköpunarmiðstöðin einn af lykilþátttakendum í því verkefni. Í undirbúning er gerð vottaðs deilieldhúss innan veggja miðstöðvarinnar og starfsstöð fyrir einstaklinga sem sinna störfum á staðsetningar.

Tekjur sem skapast af starfsemi Sköpunarmiðstöðvarinnar eru ekki nægar til þess að fjármagna launakostnað umsjónarfólks miðstöðvarinnar. Tekjurnar duga til að annast grunnkostnað við rekstur miðstöðvarinnar, auk hluta kostnaðar vegna framkvæmda og viðhalds á byggingunni. Uppbygging og starfsemi miðstöðvarinnar er í afar brothætttri stöðu ef undirstaða hennar byggir á sjálfböðavinnu forsvarsfólks hennar, en miðstöðin var rekin með slíkum hætti um árabil. Þurfi þeir einstaklingar sem standa undir miðstöðinni frá að hverfa til lengri eða skemmri tíma, t.d. vegna veikinda, fæðingarorlofs eða annarra ástæðna, er rekstur miðstöðvarinnar í miklum vanda.

Sköpunarmiðstöðinni hlotnaðist stuðningur á fjárlögum ársins 2022 og 2023 til að fjármagna launakostnað. Framlagið gerði forstöðufólki Sköpunarmiðstöðvarinnar kleift að halda rekstri og starfsemi miðstöðvarinnar gangandi. Um grundvallar viðsnúning á stöðu mála var að ræða og er forsvarsfólk miðstöðvarinnar afar þakklát fyrir stuðninginn. Brýnt er breyta þeirri stöðu sem starfsemi miðstöðvarinnar er í til frambúðar með langtímaráðstöfunum. Þar til unnt er að finna þann framtíðar farveg biðjum við að bilið verði brúað og launakostnaður verði fjármagnað fyrir árið 2024 með framlagi úr fjárlögum ríkisins. Forsvarsfólk miðstöðvarinnar mun einnig sækja í Uppbyggingarsjóð Austurlands um 2.5 m.kr framlag, og mun það koma til viðbótar við umbeðnar 12.5 m.kr framlag á fjárlögum 2024, samtals 15 m.kr. Hlotnist miðstöðinni framlögin munu þau skiptast milli tveggja stöðugilda forsvarsfólksins, 75% og 100% stöðu. Ekki er unnt að byggja upp og reka miðstöðina með færra starfslíði og um mjög hóflegar launagreiðslur er að ræða. Í fylgiskjölum með erindi þessu er sundurliðun á launareikningnum.

Mikil verðmæti eru fólgin í frumkvöðlum líkt og Unu og Vincent, einstaklingum sem búa yfir getu, vilja og þekkingu til að byggja upp og reka verkefni líkt og Sköpunarmiðstöðina. Með því að veita áframhaldandi fjárstuðning til miðstöðvarinnar er tryggður grundvöllur fyrir áframhaldandi starfi þeirra og þar með þróun og uppbyggingu á starfsemi Sköpunarmiðstöðvarinnar. Í því eru fólgin samfélagsleg verðmæti.

Með vinsemd og virðingu

Una B. Sigurðardóttir og Vincent F. Wood

Forsvarsfólk Sköpunarmiðstöðvarinnar á Stöðvarfirði